

## Samanburður á Orkukostnaði heimila 2018



Próunarsvið, 25. janúar 2019  
Anna Lea Gestsdóttir

## Samanburður á orkukostnaði heimila


Líkt og undanfarin ár, hefur Byggðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun, á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 350m<sup>3</sup>. Þá er miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagns notkun og 28.400 kWst við húshitun. Árlegir útreikningar eru nú til frá árinu 2013.

Við útreikninga þessa er almenn rafmagns notkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og hitunarkostnaður hinsvegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september 2018 en til samanburðar eru gjöld frá sama tíma árin 2017 og 2016. Neðst má sjá töflu með upplýsingum um orkukostnað, en miðað er við sömu staði og fyrri ár auk þess að nú hefur Mosfellsbæ og Hafnarfirði verið bætt inn. Á Höfuðborgarsvæðinu eru sömu gjöld fyrir Reykjavík, Kópavog og Garðabæ þar sem Veitur ohf. eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni sem og til reksturs hitaveitu. Það sem er frábrugðið í Hafnarfirði er að HS Veitur eru með sérleyfið fyrir flutning og dreifingu á rafmagni en í Mosfellsbæ er Hitaveita Mosfellsbæjar með sérleyfið til reksturs hitaveitu.


### Raforka

Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hefur sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendum virðist hins vegar ekki vera almennt ljóst að þeim er heimilt að kaupa raforku af hvaða sölufyrirtæki sem þeir kunna að kjósa en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem notendur geta fengið með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma. Munur á milli lægsta mögulega verðs og algengasta verðs hefur vaxið frá síðasta ári, var mest rúm 2% á Höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi en er nú mestur tæp 4% á sömu stöðum. Annars staðar er algengur munur um 2%.


Á meðfylgjandi mynd má sjá **lægsta mögulega verð** á raforku sem notendum stendur til boða á hverjum stað, með flutnings- og dreifingarkostnaði. Lægsta mögulega verð fæst á Akranesi, í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Reykjavík, um 79 þúsund krónur. Í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða er lægsta mögulega verð 53% hærra, eða 120 þúsund krónur.



Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð síðustu þriggja ára á **lægsta mögulega verði**.



**Algengasta verð** á raforku sem notendum stendur til boða, með flutnings- og dreifingarkostnaði, má sjá á meðfylgjandi mynd.




Af þeim stöðum sem skoðaðir voru, reynist rafmagnsverð hæst hjá öllum notendum í dreifbýli kr. 118.331 til kr. 120.046 miðað við lágsta mögulega verð samanborið við kr. 113.365 til kr. 118.874 ári áður.

Í þéttbýli er rafmagnsverð hæst á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða kr. 91.632 en var hæst kr. 91.018 á sama stað í fyrra. Lægst er rafmagnsverðið á Akranesi, í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Reykjavík kr. 78.633. Lægsta verð árið 2017 var á Akureyri kr. 76.067.

Orkukostnaður í dreifbýli er rúmlega 30% hærri en hæsta verð í þéttbýli. Í þéttbýli er hæsta verð 17% hærri en lægsta verð og hefur munurinn minnkað um 3% frá árinu 2017.

Sjá má samanburð síðust þriggja ára á **algengasta verði** á meðfylgjandi mynd.



## Húshitun

Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn öllu meiri. Fyrir ári síðan var **lægsta mögulega verð** hæst á orkuveitusvæði RARIK í dreifbýli, hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli, á Hólmavík, í Grundarfirði, á Neskaupstað, á Reyðarfirði og í Vopnafjarðarhreppi kr. 191.666. Hefur sá kostnaður hækkað um tæp 2% og er nú kr. 195.134. Þá voru Bolungarvík, Ísafjörður og Patreksfjörður einnig með hæstan kostnað árið 2017, kr. 191.666 en hefur nú lækkað í kr. 189.996.


Með notkun varmadæla myndi húshitunarkostnaður, þar sem nú er bein rafhitun, lækka að jafnaði um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í sínu íbúðarhúsnæði geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu eða hitaveitu geta ekkiengið slíkan styrk. Þau svæði sem í þessari greiningu eru með beina rafhitun eru eftirfarandi:

- Bolungarvík
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Höfn
- Ísafjörður
- Neskaupstaður
- Orkubú Vestfjarða – dreifbýli
- Patreksfjörður
- RARIK – dreifbýli
- Reyðarfjörður
- Seyðisfjörður
- Vopnafjörður


Lækkun á þessum svæðum væri því um kr. 100.000 á heimili á ársgrundvelli. Einnig er íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum með beina rafhitun. Stendur það til bóta með uppsetningu sjóvarmadælu og því ekki hægt að sækja um þennan styrk.



Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Seltjarnarnesi kr. 59.924. Þá koma Flúðir með kr. 60.492 og Mosfellsbær með kr. 79.804. Með Seltjarnarnes sem ódýrasta kostinn er munurinn á hæsta og lægsta verði 226%. Af þeim stöðum sem skoðaðir voru árið 2017, var lægsti húshitunarkostnaðurinn á Seltjarnarnesi kr. 55.380, á Flúðum kr. 61.628 og í Grindavík kr. 84.632.



Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð húshitunarkostnaðar síðust þriggja ára á **lægsta mögulega verði**.




## Heildarorkukostnaður

Í töflunni hér neðst má meðal annars sjá **algengasta verð** heildarorkukostnaðar á hverjum stað sem og **lægsta mögulega verð**. Í flestum tilvikum er munurinn innan við 2%. Mestur er munurinn á Grundarfirði, á Neskaupsstað og í Vopnafjarðarhreppi rúm 4% en var árið 2017 2,5%.

Ef horft er til **lægsta mögulega verðs** heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða nú kr. 315.179 eða 1,5% hærri en árið 2017. Heildarkostnaður í þéttbýli var hæstur á Hólmavík, Bolungarvík, Patreksfirði og Ísafirði með kr. 282.684. Kostnaðurinn hefur lækkað á öllum stöðum á milli ára, utan Hólmavíkur þar sem heildarkostnaður er nú kr. 286.766.

Miðað við þá staði sem nú er horft til var heildarkostnaðurinn lægstur á Seltjarnarnesi kr. 136.023 og er enn lægstur nú kr. 138.557. Hæsta verð í þéttbýli er því 107% herra en það lægsta.

Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð heildar orkukostnaðar síðust þriggja ára á **lægsta mögulega verði**.



Hafa ber í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldaskár hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda.

Útreikningarnir miðast við upplýsingar um hitastig sem hitaveiturnar skila inn til Orkustofnunar, gjaldskrár dreifiveitna, orkusölufyrirtækja og hitaveitna.

Einnig eru öll verð með sköttum og öðrum gjöldum.

Hér má sjá upplýsingar um orkukostnað árin 2013 – 2017 <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar>

Hér er tengill á vefsíðuna um eingreiðslur hjá Orkustofnun: <https://orkustofnun.is/orkustofnun/umsoknir/eingreidslur/>

Hér er tengill á lög nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sjá kafla III um eingreiðslur: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>

	Dreifiveita - Rafmagn	Hitaveita / Kynt hitaveita	Raforkunotkun - algengasta verð	Raforkunotkun - lægsta mögulega verð	Hitaveita - algengasta verð	Kynt hitaveita - algengasta verð	Bein rafhitun - algengasta verð	Bein rafhitun - lægsta mögulega verð	Húshitun - lægsta mögulega verð	Orkukostnaður alls - lægsta mögulega verð	Orkukostnaður alls - algengasta verð
RARIK - Dreifbýli án hitaveitu	RARIK	-	120.061	118.331			204.906	195.134	195.134	313.464	324.967
Orkubú Vestfjarða - Dreifbýli án hitaveitu	Orkubú Vestfjarða	-	120.101	120.046			195.449	195.134	195.134	315.179	315.550
Grundarfjörður	RARIK	-	87.994	86.264			204.906	195.134	195.134	281.398	292.900
Neskaupstaður	RARIK	-	87.994	86.264			204.906	195.134	195.134	281.398	292.900
Vopnafjarðarhreppur	RARIK	-	87.994	86.264			204.906	195.134	195.134	281.398	292.900
Hólmavík	Orkubú Vestfjarða	-	91.688	91.632			195.449	195.134	195.134	286.766	287.137
Reyðarfjörður	Rafveita Reyðarfjarðar	-	87.736	86.341			203.015	195.134	195.134	281.475	290.751
Höfn	RARIK	RARIK	87.994	86.264		182.896	204.906	195.134	182.896	269.160	270.890
Seyðisfjörður	RARIK	RARIK	87.994	86.264		182.896	204.906	195.134	182.896	269.160	270.890
Bolungarvík	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	91.632		189.996	195.449	195.134	189.996	281.628	281.684
Ísafjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	91.632		189.996	195.449	195.134	189.996	281.628	281.684
Patreksfjörður	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða	91.688	91.632		189.996	195.449	195.134	189.996	281.628	281.684
Vestmannaeyjar	HS Veitur	HS Veitur	84.122	81.555		142.568	209.635	195.134	142.568	224.123	226.690
Síglufjörður	RARIK	RARIK	87.994	86.264	153.076				153.076	239.340	241.070
Blönduós	RARIK	RARIK	87.994	86.264	162.448				162.448	248.712	250.442
Veitur ohf. - Dreifbýli	RARIK	RARIK	120.061	118.331	130.072				130.072	248.403	250.133
Dreifbýli á Norðurlandi - Með hitaveit	RARIK	Ýmsar*	120.061	118.331	109.908				109.908	228.239	229.969
Akranes	Veitur	Veitur	81.647	78.633	109.340				109.340	187.973	190.987
Stykkishólmur	RARIK	Veitur	87.994	86.264	100.820				100.820	187.084	188.814
Hvolsvöllur	RARIK	Veitur	87.994	86.264	149.952				149.952	236.216	237.946
Borgarnes	RARIK	Veitur	87.994	86.264	93.720				93.720	179.984	181.714
Egilsstaðir	RARIK	Hitaveita Egilsstaða og Fella	87.994	86.264	85.768				85.768	172.032	173.762
Dalvík	RARIK	Hitaveita Dalvíkur	87.994	86.264	94.856				94.856	181.120	182.850
Selfoss	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	81.555	95.708				95.708	177.263	179.830
Grindavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	81.555	90.596				90.596	172.151	174.718
Keflavík	HS Veitur	HS Veitur	84.122	81.555	92.584				92.584	174.139	176.706
Hafnarfjörður	HS Veitur	Veitur	84.122	81.555	111.612				111.612	193.167	195.734
Reykjavík	Veitur	Veitur	81.647	78.633	111.612				111.612	190.245	193.259
Húsavík	RARIK	Orkuveita Húsavíkur	87.994	86.264	98.264				98.264	184.528	186.258
Akureyri	Norðurorka	Norðurorka	83.081	81.686	96.844				96.844	178.530	179.925
Sauðárkrókur	RARIK	Skagafjarðarveitur	87.994	86.264	88.324				88.324	174.588	176.318
Hveragerði	RARIK	Veitur	87.994	86.264	111.612				111.612	197.876	199.606
Seltjarnarnes	Veitur	Hitaveita Seltjarnarness	81.647	78.633	59.924				59.924	138.557	141.571
Flúðir	RARIK	Hitaveita Flúða	87.994	86.264	60.492				60.492	146.756	148.486
Hvammstangi	RARIK	Hitaveita Húnaþings vestra	87.994	86.264	92.868				92.868	179.132	180.862
Fjarðabyggð	RARIK	Hitaveita Fjarðabyggðar	87.994	86.264	146.260				146.260	232.524	234.254
Dalabyggð	RARIK	RARIK	87.994	86.264	162.448				162.448	248.712	250.442
Eyrarbakki	HS Veitur	Selfossveitur	84.122	81.555	107.920				107.920	189.475	192.042
Þorlákshöfn	RARIK	Veitur	87.994	86.264	89.176				89.176	175.440	177.170
Mosfellsbær	Veitur	Hitaveita Mosfellsbæjar	81.647	78.633	79.804				79.804	158.437	161.451